



Menntaskólinn á Ísafirði

Torfnesi, 400 Ísafirði
Sími: 450 4400
mi@misa.is

Bréfasími: 450 4419
www.misa.is



Menntamálaráðuneytið
postur@mrn.stjr.is;
b.t. Stefán Baldursson/Gunnar J. Árnason
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík

Ísafjörður 30. október 2015

Tilv.: MMR150601456.14.3

Efni: Viðbrögð við tillögum um aðgerðir til úrbóta samkvæmt niðurstöðum ytra mats.

Í bréfi mennta- og menningamálaráðuneytisins dags. 11. september 2015 fylgdi með skýrsla um úttekt á starfsemi Menntaskólans á Ísafirði. Í bréfinu óskar ráðuneytið eftir því að skólameistari sendi ráðuneytinu tímasetta áætlun um hvernig brugðist verður við þeim tillögum sem fram koma í skýrslunni fyrir 1. nóvember 2015.

Skýrslan gefur góða mynd af starfsemi skólans sem byggð er á vandaðri úrvinnslu gagna og framsetningu þeirra eins og það er orðað í bréfinu og tekur undirritaður undir þakkir til allra þeirra sem komu að þeirri vinnu. Skýrslan var strax tekin til skoðunar af verkefnisstjóra sjálfsmatsnefndar og síðar voru haldnir nokkrir fundir í sjálfsmatsnefndinni og tveir með skólameistara og aðstoðarskólameistara. Skýrslan var kynnt í skólanefnd, í skólaráði og á nokkrum fundum með starfsmönnum skólans. Tillögur til úrbóta voru síðan markvisst unnar af sjálfsmatsnefnd og stjórnendum og starfsmönnum. Tillögurnar voru síðan lagðar fyrir starfsmannafund til lokaumræðu og afgreiðslu 29. október.

Í lok skýrslunnar er lagðar fram 14 tillögur að aðgerðum til úrbóta sem beint er til skólans og skólanefndar. Hér er gerð grein fyrir þeim viðbrögðum skólans sem þegar eru farin af stað eða eru ráðgerð og áætlanir tímasettar eftir föngum. Í lok skýrslunnar eru einnig lagðar fram tillögur til mennta- og menningarmálaráðuneytisins og mun skólinn óska sérstaklega eftir viðbrögðum við þeim.

Virðingarfyllst,


Jón Reynir Sigurvinsson
Skólameistari

1. **„Þar sem ekki virðist ríkja sátt um aga og umgengnismál er lagt til að komið verði á samstarfsnefnd um þessi mál. Hlutverk nefndarinnar verði að endurskoða skólareglur og viðurlög. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar stjórnenda, kennara, nemenda og foreldra.“**

Viðbrögð:

Endurskoðun skólareglna mun fara fram í skólaráði. Til viðbótar við skólaráð verða kölluð til eitt foreldri, einn kennari og einn nemandi. Endurskoðun á skólareglum á að vera lokið fyrir 1. desember 2015 og í beinu framhaldi verða endurskoðaðar skólareglur lagðar fyrir kennarafund í desember. Nýjar skólareglur munu taka gildi við upphaf vorannar 2016.

2. **„Skóað verði hvernig festa megi viðmið um verkefnaskil.“**

Viðbrögð:

Í september s.l. var haldinn fundur á sal með nemendum skólans, bæði nýnemum og eldri nemendum, þar sem farið var yfir ýmislegt sem varðar verkefnaskil og heimavinnu. Í október var haldinn fundur með kennurum nýnema þar sem farið var yfir verkefnaskil og verkefnaálag og hvernig mætti samræma aðgerðir. Verkefnaskil verða rædd á fagfundum kennara í nóvember og óskað eftir tillögum. Einnig verður óskað eftir tillögum frá skólaráði í samhengi við endurskoðun á skólareglum. Í framhaldinu verða útbúnar nýjar verklagsreglur um verkefnaskil sem taka gildi við upphaf vorannar 2016.

3. **„Gera þarf áætlun til að bregðast við fækkun í skólanum á næstu árum svo skólinn geti haldið áfram starfsemi sinni sem er upptökusvæði hans afar mikilvægt. T.d. gæti skólinn skapað sér enn frekari sérstöðu og eftir rafrænt nám þannig að nemendur skólans komi sem víðast að.“**

Viðbrögð:

Farið verður í ýmsar fjölbreyttar aðgerðir til að bregðast við fækkun nemenda og er sú vinna þegar hafin.

- a) Samvinna er við sveitarstjórnir á Vestfjörðum um að styrkja stöðu skólans. Staða skólans var kynnt á Fjórðungspingi Vestfirðingi og ályktun lögð fram sem var samþykkt.
- b) Til að hægt verði að fjölga nemendum sem þurfa á húsnæði á Ísafirði að halda þarf að lagfæra herbergi á heimavist þ.a. heimavistin geti tekið við fleiri nemendum. Endurbæturnar þurfa að hefjast í vor og verða lokið í júní.
- c) Auka þarf þjónustu við fjarnemendur og þeim þarf að fjölga. Skólinn er í samstarfi við marga aðra framhaldsskóla um Fjarmentaskólann og verður því samstarfi haldið áfram. Unnið er að bættum kennsluháttum tengdum fjarnámi til að auka gæði fjarnámskennslu.
- d) Óskað hefur verið eftir því í mörg ár við ráðamenn að tekið sé tillit til sérstöðu skólans við endurskoðun á reiknilíkani. Tryggja þarf áfram fjölbreytt námsframboð við skólann og auka það enn frekar.

- e) Taka þarf tillit til sérstöðu skólans sem eina framhaldsskólans á Vestfjörðum. Einnig þarf að taka tillit til smæðar hans og gera honum kleyft að kenna fámenna áfanga, sérstaklega í verk- og starfsnámi.
- f) Auglýsa þarf skólann og kynna hann betur. Bæta þarf kynningarefni skólans með áherslu á sérstöðu hans sem er m.a. heimavist og Fab Lab (stafræn smiðja).
- g) Halda þarf áfram að efla gæði kennslu.
- h) Skólinn á í samvinnu við Starfsendurhæfingu og Vesturafl um Fjölsmiðju fyrir brotthvarfnemendur og vinnu að endurkomu þeirra í skólann. Var fundað með forsvarsmönnum Fjölsmiðjunnar 17. september og er nú beðið svara um framvindu stofnunar Fjölsmiðjunnar frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.
- i) Vekja þarf athygli á góðri útkomu skólans í könnunum Rannsóknar & greiningar um *Betri líðan í mínum skóla*.
- j) Skólinn á í samvinnu við Fræðslumiðstöð Vestfjarða, m.a. um raunfærnimat í verk- og starfsnámi fyrir eldri en 25 ára. Taka þarf tillit til þess að eldri en 25 hafa síður mögulega hér til að stunda bóknám. Auglýsa þarf á svæðinu að skólinn tekur við nemendum eldri en 25 ára ef hópastærðir leyfa.

4. „Kannað verði hvernig fjölga má kennurum með full réttindi sbr. lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda.“

Viðbrögð:

Kennarar sem ekki eru með réttindi verða áfram hvattir til að sækja sér menntun til réttinda og þeim gert kleift að stunda námið samhliða starfi.

5. „Hugað verði betur að móttöku nýrra starfsmanna og markvissri endurmenntun. Lokið verði við sí- og endurmenntunaráætlun fyrir alla starfsmenn. Horft verði til frekara samstarfs við Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Háskólasetur og enn frekar til nýrra miðla þar sem aðgangur kennara að endurmenntun getur verið erfiður vegna landfræðilegrar legu skólans.“

Viðbrögð:

Haustið 2015 var haldinn kynningarfundur með nýjum kennurum og haldinn verður eftirfylgnifundur þegar líða tekur á haustönn. Kallað verður eftir ábendingum frá nýjum kennurum um hvernig megi bæta móttökuna sem og starfsmannahandbók.

Áætlun um sí- og endurmenntun er að finna í skólanámskrá og í starfsmannahandbók. Ljúka skal við vinnu þeirrar áætlunar. Óskað verður eftir hugmyndum frá starfsmannahópnum sem og frá einstaklingum. Verður vinnu þessari lokið 15. janúar 2016. Hugað verður betur að samstarfi við önnur skólastig á svæðinu til að auðvelda starfsfólki aðgengi að sí- og endurmenntun.

6. **„Ljúka þarf við framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum. Jafnréttisnefnd sjái til þess að leitt verði til lykta mál um brot á jafnræðisreglu frá 2013. Þar sem val nemenda á námi virðist nokkuð kynbundið þarf skólinn að huga að frekari aðgerðum í þá veru að jafna það sbr. lög um jafnrétti.“**

Viðbrögð:

Unnið er að framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum innan jafnréttisnefndar eins og lög segja til um. Þeirri vinnu verður lokið 15. desember 2015.

Umrætt mál um brot á jafnræðisreglu frá 2013 hefur verið til lykta leitt í samstarfsnefnd.

Skólinn hvetur nú sem fyrr nemendur, óháð kyni, til að sækja sér nám eftir áhuga hvers og eins. Sjálfsmatsnefnd mun veturinn 2015-2016 kanna sérstaklega í rýnihópum nemenda hvað ræður vali nemenda á námi. Í framhaldinu verður hugað að aðgerðum. Átaks í þessum málum er þörf á landsvísu.

7. **„Endurskoða ætti starfsmannahandbók og nýta betur.“**

Viðbrögð:

Starfsmannahandbók var endurskoðuð fyrir upphaf haustannar 2015. Hún var afhent nýjum kennurum og kynnt öðrum kennurum.

8. **„Taka ætti saman árangur eftir greinum og æskilegt væri að skoða hvaða áhrif leiðsagnarmat í námsgreinum hefur á áframhaldandi nám nemenda og kanna afdrif nemenda skólans í framhaldsnámi enn frekar.“**

Viðbrögð:

Þessi vinna er hafin og fer fram í sjálfsmatsnefnd veturinn 2015-2016. Þetta er mjög viðamikilið rannsóknarefni og verður annað hvort sótt um styrk til að rannasaka það eða því beint til háskóla sem rannsóknarefni.

9. **„Skólaráð þarf að uppfylla enn betur hlutverk sitt sbr. lög um framhaldsskóla.“**

Viðbrögð:

Skerpt var á hlutverki skólaráðs við upphaf haustannar.

10. **„Rýna þarf betur í líðan nemenda, m.a. þar sem vísbendingar eru um hátt hlutfall nemenda sem segjast glíma við kvíða og andlega vanlíðan, og kanna einelti.“**

Viðbrögð:

Fundað hefur verið með yfirlækni Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða um mögulegar aðgerðir til að bregðast við kvíða og andlegri vanlíðan nemenda sem sífellt virðist vera að aukast. Sótt verður um styrk til að vinna að úrlausnum í samvinnu MÍ og Heilbrigðisstofnunarinnar m.a. um starfsemi skólahjúkrunarfræðings.

Skoðað verður sérstaklega með hvaða hætti starfsmenn skólans og sérstaklega kennarar geta haft jákvæð áhrif á líðan nemenda. Þetta verður gert að föstum lið í starfsmannaviðtölum

Unnið verður í samstarfi við forsvarsmenn fyrirhugaðrar Fjölsmiðju um úrræði fyrir ungt fólk með andlega vanlíðan.

Lagt hefur verið fyrir alla nýnema haustsins 2015 skimunarpróf til að finna mögulega brotthvarfsnemendur. Unnið verður úr niðurstöðu þess, m.a. með sérstöku tilliti til kvíða og andlegrar vanlíðunar. Niðurstöður verða kynntar í byrjun nóvember og verður unnið að aðgerðum í framhaldi af þeirri kynningu.

Lögð verður fyrir nemendur eineltiskönnun á vorönn 2016.

11. „Samstarf við grunnskóla á svæðinu og háskóla mætti auka en þetta samstarf verður æ mikilvægara að teknu tilliti til hæfniprepa í nýrri aðalnámskrá.“

Viðbrögð:

Samstarf við grunnskóla á svæðinu verður aukið. Fundur með skólastjórnendum grunnskóla á norðanverðum Vestfjörðum verður haldinn 4. nóvember. Fundur með fagkennurum beggja skólastiga verður haldinn í framhaldinu.

12. „Stjórnendur, nemendur, og annað starfsfólk eigi fulltrúa í sjálfsmatshópi svo tryggja megi virkari þátttöku aðila skólasamfélagsins, sbr. lög um framhaldsskóla.“

Viðbrögð:

Í dag eiga kennarar, stjórnendur og annað starfsfólk fulltrúa í sjálfsmatshópi. Á haustönn 2015 munu nemendur eiga fulltrúa í hópnum.

13. „Meta þarf þörf fyrir stuðningstíma við nemendur og hvernig virkja megi móttökuáætlun nemenda með annað tungumál en íslensku eftir niðurskurð síðustu ára.“

Viðbrögð:

Sjálfsmatsnefnd mun kanna þörf fyrir stuðningstíma í rýnihópnum nemenda veturinn 2015-2016. Unnið verður með aðgerðir í framhaldi af þeirri könnun.

Gerð verður tilraun í nóvember 2015 með stuðningstíma þar sem eldri nemendur munu aðstoða yngri nemendur í ákveðnum námsgreinum. Verða stuðningstímarnir undir handleiðslu námsráðgjafa skólans.

Unnið er að endurskoðun á móttökuáætlun nemenda með annað tungumál en íslensku innan skólans en nauðsynlegt er að slík móttökuáætlun væri virk fyrir samfélagið í heild sinni.

14. „Skoða þarf lausnir svo verklegt nám verði sá hluti af námi á starfsbraut sem því er ætlað að vera. Æskilegt er að sviðsstjóri brautarinnar hafi menntun í sérkennslu.“

Viðbrögð:

Unnið er að nýrri námskrá fyrir starfsbraut innan skólans og verður byrjað að kenna eftir henni haustið 2016. Hlutfall verknáms verður aukið í þeirri námskrá. Við skipulag vorannar 2016 verður horft til þessarar ábendingar og hlutfall verknáms aukið.

Vegna starfa á starfsbraut hefur ávallt verið auglýst eftir sérkennara.